

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/31/03

frá 1. mars 2004

## um samþykkt skráar yfir efni sem bannað er að setja í dreifingu eða nota sem fôður (\*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 583)

(2004/217/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu og notkun fôðurefna, breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EB <sup>(2)</sup> var tekin saman skrá yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í fôðurböndur í samræmi við tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fôðurs <sup>(3)</sup>. Bannið, sem mælt er fyrir um í þeirri ákvörðun, tekur ekki til dreifingar slíkra innihaldsefna sem fôðurs eða notkunar þeirra þar sem þau eru notuð sem fôður. Þessari skrá yfir innihaldsefni hefur verið breytt nokkrum sinnum.
- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/16/EB <sup>(4)</sup> er kveðið á um að tekin skuli saman skrá yfir efni, sem bannað er að dreifa eða nota sem fôður, á grundvelli tilskipunar 96/25/EB sem kemur í stað ákvörðunar 91/516/EBE þannig að gildissvið banna sé almennt og eigi bæði við um notkun fôðurefnanna sem slíkra og notkun þeirra í fôðurböndum.
- 3) Í því skyni að tryggja að fôðurefnin uppfylli öryggiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 96/25/EB, hefur slík skrá verið gerð, sem ætlað er að koma í stað skrárinnar sem tekin var saman með ákvörðun 91/516/EBE.
- 4) Í löggjöf Bandalagsins hefur þegar verið mælt fyrir um nokkrar takmarkanir og bönn, einkum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn,

eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömmunar <sup>(5)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis <sup>(6)</sup>. Því skulu þessar takmarkanir og bönn ekki endurtekin í skránni yfir efni sem bannað er að dreifa eða nota sem fôður.

- 5) Til glöggvunar á löggjöf Bandalagsins skal ákvörðun 91/516/EBE felld úr gildi og í stað hennar komi þessi ákvörðun.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og (EB) nr. 1774/2002.

2. gr.

Bannað er að dreifa efnunum, sem tilgreind eru í viðaukanum, eða nota þau í fôður.

3. gr.

Ákvörðun 91/516/EBE er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

4. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 25. mars 2004.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 57, 5.3.2004, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB 281, 9.10.1991, bls. 23. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2000/285/EB (Stjtið. EB L 94, 14.4.2000, bls. 43).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 36.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2245/2003 (Stjtið. EB L 333, 20.12.2003, bls. 28).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 808/2003 (Stjtið. EB L 117, 13.5.2003, bls.1).

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIÐAUKI

**Skrá yfir efni sem bannað er að dreifa eða nota sem fóður**

Bannað er að dreifa eða nota eftirfarandi efni sem fóður:

1. Saur, þvag og aðskilið gor meltingarvegur sem fellur til þegar meltingarvegur er tæmdur eða fjarlægður án tillits til þess hvort um sé að ræða meðhöndlun eða íblöndun.
2. Húðir, meðhöndlaðar með sótunarefnum, þ.m.t. úrgangur úr þeim.
3. Fræ og annað plöntufjölgunarefni sem eftir uppskeru hlýtur sérstaka meðferð með plöntuvarnarefnum vegna fyrirhugaðrar notkunar (fjölgun) og allra aukaafurða sem falla til í tengslum við það.
4. Timbur, þ.m.t. sag og annað efni úr timbri, sem hefur verið meðhöndlað með viðarvarnarefnum eins og skilgreint er í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB <sup>(1)</sup>.
5. Allur úrgangur frá hinum ýmsu áföngum í hreinsunarferli þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólps, eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE <sup>(2)</sup> án tillits til frekari hreinsunar þessa úrgangs eða uppruna skólpsins <sup>(3)</sup>.
6. Fastur úrgangur frá þéttbýli <sup>(4)</sup>, s.s. húsasorp.
7. Umbúðir eða hlutar umbúða sem falla til við notkun afurða úr matvælaíðnaði búvara.

---

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna. (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 91/271/EB frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli. (Stjtið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

<sup>(3)</sup> Hugtakið „skólp“ á ekki við um „vinnsluvatn“, þ.e. frárennsli í sérleiðslum í fyrirtækjum í matvæla- eða fæðuæðnaði; ekki má nota vatn, sem er flutt um þessar leiðslur, til að fæða dýr nema það sé heilnæmt og hreint eins og tilgreint er í 4. gr. tilskipunar ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns. Einnig er heimilt að flytja hreinan sjó um leiðslur í fiskvinnslustöðvum eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða. Ekki má nota vinnsluvatn til að fæða dýr nema í því sé fóður eða fæðuefni og það sé tæknilega laust við hreinsiefni, sótthreinsiefni eða önnur efni sem eru ekki leyfð samkvæmt löggjöfinni um fóður.

<sup>(4)</sup> Hugtakið „fastur úrgangur frá þéttbýli“ á ekki við um eldhússúrgang eins og hann er skilgreindur í reglugerð (EB) nr. 1774/2002.